

hlýtur sú staðreynd að vera, að tollpóststofan virðist athugasemdalaust hafa afhent sendingarnar gegn framvísun leyfisins.

Greiðslu andvirðis ritanna var samkvæmt framansögðu þannig háttað, að raunverulega var um að ræða kaup erlends gjaldeyris af öðrum en heimilt var að lögum að selja hann, og varðar hún því við 13. gr., 1. mgr., laga nr. 70/1947 og 25. gr., 2. mgr., reglugerðar nr. 82/1947.

Með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing kærðs fyrir framangreind brot hæfilega ákveðin samkvæmt 22. gr., 2. mgr., laga nr. 70/1947 og 39. gr., 2. mgr., reglugerðar nr. 82/1947 800.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Kærður, Ólafur Eiríksson, greiði 800.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1949.

Nr. 25/1949. **Kristján Kristjánsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skattamál. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. jan. þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða hon-

um málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Forráðamenn h/f Dagverðareyrar tjáðust að vísu í samningnum frá 9. apríl 1941 selja kaupunautum sínum öll hlutabréf í nefndu hlutafélagi, en kaupunautarnir fengu þó einungis eina tiltekna eign hlutafélagsins, þ. e. verksmiðjuna á Dagverðareyri ásamt búnaði hennar, og svokallað andvirði hlutabréfanna, 75 að tölu, er ákveðið var kr. 600.000.00, var miðað við söluverð verksmiðju þessarar, það sama verð, er forráðamenn hlutafélagsins höfðu áður boðizt til að selja verksmiðjuna fyrir. Kaupunautarnir skyldu auk þess ganga inn í kaup á síldarpressu frá Ameríku og sömuleiðis inn í kaup á síldarpokum og endurgreiða seljendum kaupverð þeirra. Hins vegar voru undan kaupunum teknar aðrar eignir hlutafélagsins Dagverðareyrar og útistandandi skuldir, hvort tveggja að fjárhæð kr. 876.621.06. Þá tóku og seljendur, þ. e. hluthafar í h/f Dagverðareyri, að sér greiðslu allra skulda hlutafélagsins, að fjárhæð kr. 895.000.00, enda skyldu þær vera kaupendum verksmiðjunnar óviðkomandi. Framkvæmdu seljendur síðan skuldaskil á þessum eignum og skuldum, og stóðu þau skuldaskil fram á árið 1943. Kaupendur verksmiðjunnar hófu hins vegar frá 10. apríl 1941 að telja sjálfstæðan rekstur í hinni keyptu verksmiðju, og var þessi atvinnurekstur kaupenda algerlega óháður skuldaskiptum af rekstri fyrri eigenda verksmiðjunnar.

Af því, sem nú hefur rakið verið, verður að leiða þá ályktun, að hið raunverulega efni samningsins frá 10. apríl 1941 hafi einungis verið sala á verksmiðjunni á Dagverðareyri ásamt búnaði og jafnframt hafi hafizt félagsslit og skuldaskil h/f Dagverðareyrar.

Samkvæmt framanskraðu og þar sem skattavöld þykja ekki hafa vangeymt svo réttar ríkissjóðs, að varða eigi niðurfalli skattskyldu, þá ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Akureyrar 3. desember 1948.

Lögtaksmál þetta hófst hér fyrir fógætaðómi 23. ágúst 1946, að undan-
gangnum almennum lögtaksúrskurði 22. júlí s. ár, sem birtur hafði
verið í blöðum á venjulegan hátt. Var málið síðan að beiðni gerðarþola
flutt fyrir fógætaðómi í Reykjavík, og kveðinn var upp úrskurður um
málið þar fyrir dómi hinn 4. marz 1947. Úrskurður sá og meðferð máls-
ins öll fyrir fógætaðómi í Reykjavík var ómerkt með hæstaréttardómi
2. marz sl., þar sem ekki var talið heimilt að lögum, að málið væri
rekið þar fyrir dómi. Hefur það því verið tekið upp að nýju og flutt
fyrir dómi hér og var nú tekið til úrskurðar hinn 26. f. m.

Af hálfu gerðarbeiðanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, var þess
upphaflega krafizt, að lögtak færi fram hjá gerðarþola, Kristjáni Krist-
jánssyni forstjóra, Brekkugötu 4 hér í bæ, til tryggingar ógoldnum opin-
berum gjöldum fyrir skattárið 1941, að upphæð kr. 26.786.40, auk dráttar-
vaxta. Þá krefst gerðarbeiðandi hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðar-
þola eftir mati fógæta. Á síðara stigi málsins hefur gerðarbeiðandi lækkað
kröfu sína um kr. 1995.00 í kr. 24.791.40.

Af hálfu gerðarþola er þess aðallega krafizt, að synjað verði um fram-
gang umbeiðinnar lögtaksgerðar, en til vara er þess krafizt, að síðar-
greindir skattar verði reiknaðir að nýju, þannig að þeir verði aðeins
reiknaðir af 418.90 kr. viðbót við tekjur gerðarþola 1941 í stað viðbótar
að fjárhæð kr. 62.418.90, svo sem gert var í upphafi. Þá krefst gerðarþoli
hæfilegs málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins.

Tildrög málsins eru þau, að ríkisskattaneftindin lét fara fram endurskoð-
un árið 1945 á reikningum Síldarbræðslustöðvarinnar Dagverðareyrar h/f
fyrir árið 1941. Hafði því verið veitt athygli, að í bókum Djúpavíkur h/f
var það félag talið eigandi allra hlutabréfa Dagverðareyrarfélagssins, að
nafnverði kr. 150.000.00, og hafði greitt allt andvirði bréfanna, kr. 600.000.00,
úr sjóði sínum í apríl 1941. Var því talin ástæða til að ætla, að félagsslit
hefðu orðið í Dagverðareyrarfélaginu, er sala bréfanna fór fram, og hefði
því andvirði bréfanna umfram nafnverð átt að teljast til tekna hjá selj-
endum þeirra á skattárinu 1941, en svo hafði ekki verið gert.

Að endurskoðuninni lokinni kvað ríkisskattaneftindin upp úrskurð um það
14. des. 1945, að hún liti svo á, að félagsslit hefðu orðið í Síldarbræðslu-
stöðinni Dagverðareyri h/f hinn 9. apríl 1941 og bæri því að taka upp og
áætla að nýju skatt viðkomandi aðilja, enda sé þeim tilkynnt um þessa
fyrirhuguðu breytingu og gefinn frestur til andsvara.

Gerðarþoli var einn af eigendum hlutabréfa í margneftndu félagi, er
seld voru 9. apríl 1941. Tilkynnti ríkisskattaneftindin honum í bréfi, dags. 16.
jan. 1946, úrskurð sinn og að samkvæmt honum bæri að hækka tekjur

gerðarþola um kr. 54.377.01, sem væri upphæð sú, er hann hefði fengið greidda við félagsslitin umfram nafnverð bréfanna, og bæri því að hækka skatta hans samkvæmt því. Með bréfi, dags. 21. febr. 1946, breytir ríkisskattanevndin upphæð þessari í kr. 62.418.90, en þá hafði hún komið að raun um, að gerðarþoli hafði átt 10 hlutabréf í stað 9, er hún vissi áður um. Að lokum er þetta enn leiðrétt undir rekstri máls þessa með bréfi nefndarinnar, dags. 13. f. m., og upphæðin lækkuð í kr. 60.418.90.

Gerðarþoli mótmælti skatthækkun þessari með bréfum, dags. 6. febr. og 14. febr. 1946, ásamt öðrum seljendum hlutabréfa félagsins, sem eins stóð á með, en ríkisskattanevndin tók þau mótmæli ekki til greina. Reiknaði hún skatta gerðarþola að nýju, og urðu skatthækkningar hans framtalsárið 1942 þessar, eftir að leiðrétting útreikningsins hafði verið gerð með fyrrgreindu bréfi, dags. 13. f. m.:

Tekjuskattshækkun	kr. 13.287.40
Stríðsgróðaskattshækkun	— 10.900.00
Lífeyrisgjaldshækkun	— 604.00

Samtals kr. 24.791.40

en það er sú upphæð, sem lögtaks er beiðt fyrir.

Áður en málsástæður eru raktar nánar, þykir rétt að taka afstöðu til aðalkröfu gerðarþola, um að algerlega verði synjað um framgang lög­ taksins, en sú krafa byggist á þeim forsendum, að skattyfirvöld landsins hafi með athafnaleysi sínu og tómlæti fyrirgert rétti hins opinbera til að leggja viðbótarskatta á gerðarþola, þá er hér ræðir um, og þá jafn­ framt, að skattkrafan sé fallin niður fyrir fyrningu. Ráðstöfun sú, sem skattlögð er, hafi farið fram 9. apríl 1941. Tæpum 5 árum síðar, eða 14. des. 1945, úrskurðar ríkisskattanevndin, að hækka beri skatta þá, sem lagðir voru á gerðarþola 1942. Skatthækkun þessi er ákveðin í bréfi nefndarinnar til gerðarþola, dags. 8. apríl 1946, eða réttum 5 árum eftir að sala bréfanna fór fram.

Samkvæmt 34. gr. laga nr. 6/1935, nú 10. gr. laga nr. 20/1942, er heimilt að reikna skatta að nýju allt að 5 árum aftur í tímann, enda komi síðar í ljós, að áætlun skattyfirvaldanna um tekjur skattþegns hafi verið of lág eða skattþegni hafi ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum eða eignum. Gerðarþoli heldur því fram, að þessi ákvæði komi hér ekki til greina, þar sem skattyfirvöldunum var þegar á árinu 1942 kunnugt um sölu hlutabréfanna. Hins vegar hafi ekki verið hafizt handa í málinu fyrr en 1945. Drátt þennan telur gerðarþoli óhæfilegan og telur, að réttur til álagningar viðbótarskatta hafi verið fallinn niður annaðhvort fyrir vangeymslu eða fyrningu.

Ekki þykir unnt að taka til greina þessa mótbáru gerðarþola gegn fram­ gangi gerðarinnar. Ákvæði 10. gr. laga nr. 20/1942, sbr. 34. gr. 1. nr. 6/1935, þykir verða að skilja þannig, að heimild sé fyrir hendi til að reikna skatta að nýju innan þar greinds 5 ára frests, jafnvel þótt skattyfirvöld hefðu átt að geta séð fyrr, að skattþegni hefur ekki verið gert að greiða

skatt af öllum tekjum sínum eða eignum. Skattálagning sú, er hér skiptir máli, fór fram vorið 1942, og er hún hækkuð með bréfi nefndarinnar til gerðarþola, dags. 8. apríl 1946, og vantar þá a. m. k. ár til þess, að ofangreindur frestur sé liðinn.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á því, að álit ríkisskattanefndar sé rétt, um að félagsslit í Sildarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f hafi raunverulega orðið 9. apríl 1941, og eigi því gerðarþoli að greiða framan- greinda skatta af fé því, er hann fékk við sölu margnefndra hlutabréfa umfram upphaflegt hlutafjárframlag, skv. 7. gr. laga nr. 6/1935, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1942.

Sala hlutabréfanna og undirbúningur þeirrar sölu fór fram með þeim hætti, er hér greinir:

Framkvæmdastjóri félagsins átti tal um það við einn stjórnarmann Sildarverksmiðja ríkisins í janúar 1941, hvort líklegt væri, að ríkisverk- smiðjurnar vildu kaupa Dagverðareyrarverksmiðjuna, en áður hafði fé- lagsstjórnin rætt um sölu sín á milli. Stjórnarnefndarmaðurinn taldi, að ekki væri fyrir hendi áhugi fyrir kaupunum. Átti framkvæmdastjórinn þá tal um þetta við Ólaf Jónsson, forstjóra Alliance h/f og stjórnarmann í Djúpavík h/f, en hann taldi ekki ólíklegt, að félag hans hefði áhuga fyrir þessum kaupum. Var síðan á stjórnarfundi í Dagverðareyrarfélaginu 27. jan. 1941 samþykkt að gera hr. Ólafi Jónssyni eftirfarandi tilboð:

„Stjórn Dagverðareyrar h/f samþykkir einróma að bjóða yður til sölu sildarbræðslustöðina Dagverðareyri með tilheyrandi áhöldum og vara- hlutum samkvæmt meðfylgjandi lista fyrir kr. 600.000.00, — sex hundruð þúsund krónur —. Tilboðið er miðað við greiðslu við undirskrift kaup- samnings. Vörubirgðir verksmiðjunnar, svo sem kol, salt og umbúðir, seljast á gangverði, þegar kaupin fara fram. Kaupandi gangi inn í þegar gerð kaup á sildarpressu samkv. afriti af bréfi um kaupin og pöntun á 15 þúsund tómpokum. Tilboð þetta gildir til 20. febr. þ. á. og er endan- legt frá hálfu verksmiðjustjórnarinnar, þar sem hún er sammála um, að lægra tilboði verði ekki tekið.“

Tilboð þetta var síðan sent með bréfi, dags. 30. jan. 1941.

Svar við tilboði þessu barst í símskeyti, dags. 28. febr. 1941, svohljóð- andi:

„Samþykkjum hér með tilboð yðar í bréfi, dags. 30. jan. s.l. Góðfúslega staðfestið með símskeyti. Alliance h/f Ólafur H. Jónsson.“

Á hluthafafundi í Dagverðareyrarfélaginu 6. marz næst á eftir var svo- felld ályktun samþykkt:

„Á lögmetum fundi í Sildarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f, sem haldinn var að Hótel Gullfossi, Akureyri, fimmtudaginn 6. marz 1941, samþykkja hluthafar einum rómi að selja hlutabréf sín í félaginu fyrir kr. 8000.00 hvert 2000.00 króna bréf. Er stjórn og framkvæmdastjóra falið að annast um, að allir hluthafar riti framsal á bréf sín til kaupenda, og veita móttöku greiðslu.“

Afurðir ársins 1940 ásamt kola- og saltbirgðum og tómum pokum seljast

ekki með bréfunum og ekki heldur neitt af þeim arði, sem kann að vera af rekstri verksmiðjunnar 1940.“

Hinn 9. apríl næst á eftir er síðan gerður samningur á Akureyri um sölu hlutabréfanna í Sildarbræðslustöðinni Dagverðareyri h/f milli Ólafs Einarssonar og Ólafs H. Jónssonar f. h. Djúpavíkur h/f o. fl. sem kaupenda og þáverandi hluthafa sem seljenda. Samningur þessi er að efni til í aðalatriðum á þessa leið:

Seljendur selja öll hlutabréfin, 75 að tölu, að nafnverði kr. 2000.00 hvert, samtals nafnverð kr. 150.000.00, fyrir kr. 600.000.00, þ. e. fjórfalt nafnverð. Seljendur reka fyrirtækið, njóta arðs af því og bera allan kostnað af rekstri þess árið 1940. Allar skuldir, er á fyrirtækinu hvíla frá reksturstíma þeirra, ber þeim að greiða. Allar vörubirgðir, lýsi og sildarmjöl, sem óselt er við undirskrift samningsins, er eign seljenda. Nýju hluthafarnir taka við forráðum félagsins frá og með 10. apríl 1941 og hafa áhættu rekstursins og arð eftir það. Eignir félagsins við afhendingu bréfanna er verksmiðjan á Dagverðareyri ásamt vélum, tækjum og varahlutum samkvæmt áður gerðum lista. Aðrar eignir félagsins, svo sem tómir pokar, kol og salt, eru eign seljenda, en kaupendur eiga kost á að kaupa eignir þessar við gangverði. Kaupendur samþykkja, að lýsisbirgðir og sildarmjöl, sem allt er undanskilið sölunni, megi seljendur geyma í lýsisgeymi og geymsluhúsi verksmiðjunnar, þar til er vörur þessar verða afgreiddar í skip, og skal geymsla á þessu vera seljendum að kostnaðarlausu. Seljendur greiða þó kostnað við umhleðslu sildarmjölsins og upphitun á lýsi vegna framskipunar og annast hreinsun á lýsisgeymi auk útskipunar varanna. Kaupendur ganga inn í gerð kaup á sildarpressu frá Ameríku og sildarmjölspokum og endurgreiða kaupverð pressunnar og annað, sem þegar er greitt vegna þeirra kaupa.

Sama dag var aðalfundur haldinn í félaginu, en fundinum frestað að beiðni umboðsmanna kaupenda. Var honum síðan fram haldið í Reykjavík hinn 15. apríl næst á eftir og ný stjórn kosin úr hópi hinna nýju hluthafa, enda höfðu hlutabréfin verið framseld þeim. Hinir nýju hluthafar voru 7 að tölu, 6 einstaklingar og h/f Djúpavík. Síðastgreint félag greiddi andvirði bréfanna, svo sem fyrr segir, en hinir einstöku hluthafar endurgreiddu h/f Djúpavík andvirði bréfa sinna síðla árs 1945.

Eignir þær og skuldir, sem seljendur tóku undan við framangreinda sölu, voru bókfærðar 1. jan. 1941 sem hér segir:

Sjóður	kr.	427.55
Umbúðareikningur	—	4.184.00
Útistandandi skuldir	—	326.924.43
Verðbréfareikningur	—	6.000.00
Vörubirgðir	—	539.085.08
Víxlareikningur		700.000.00
Inneign viðskiptamanna		195.000.00
Skuldir umfram eignir	—	18.378.94
	<u>Kr.</u>	<u>895.000.00</u> <u>895.000.00</u>

Framangreindar vörubirgðir voru 1160 smálestir af lýsi og 155 smál. mjöls auk lítills háttar af kolum og salti. Fyrri hluthafar seldu síðan vörur þessar og greiddu skuldirnar og önnuðust lok þessara viðskipta á árunum 1941—1943. Nokkur tekjuafgangur varð við reikningslok, og var honum ráðstafað til skattgreiðslu og gjafa eða kaupuppbóta til framkvæmdastjóra og gamals hluthafa o. fl. Milli hluthafa var skipt kr. 3141.75, og féllu þar af í hlut gerðarþola í máli þessu kr. 418.90, og er það sú upphæð, sem gerðarþoli fellst á að greiða viðbótarskatt af samkvæmt því, sem greinir í varakröfu hans.

Gerðarbeiðandi styður fullyrðingu sína um, að félagsslit hafi orðið 9. apríl 1941, með eftirfarandi rökum:

1. að gerð hafi verið tilraun til að selja Sildarverksmiðjum ríkisins eignir félagsins, og hefði það ótvírætt leitt til félagsslita, og að samþykkt hafi verið í félaginu hinn 6. marz 1941 að selja Alliance h/f eignir félagsins, og þýði það raunverulega, að samþykkt hafi verið félagsslit;
2. að frá 9. apríl, er hlutabréfin voru framseld, til 15. s. m. hafi engin stjórn verið í félaginu, þar sem fyrrverandi hluthafar gátu ekki lengur verið í stjórn;
3. að kaupverðið hafi verið greitt með einni óskiptri greiðslu til stjórnar Dagverðareyrarfélagsins, en stjórnin síðan skipt greiðslunni milli hluthafanna;
4. að við söluna hafi ekki verið fullnægt ákvæðum 4. gr., 2. mgr., laga nr. 77/1921, sbr. 38. gr., 1. mgr., sömu laga, þar sem Djúpavík h/f hafi raunverulega keypt öll hlutabréfin og talið þau síðan sína eign. Þeir 6 einstaklingar, sem bréf fengu framseld, hafi ekki greitt þau og ekki talið til eignar í skattframtali fyrr en farið var að gera reka að máli þessu;
5. að verulegur hluti eigna félagsins hafi verið undanskilinn við söluna, en einungis verksmiðjan sjálf með áhöldum og fylgifé hafi verið seld, en sú sala hefði átt að fara að hætti fasteignasölu. Fyrri hluthafar önnuðust á sína ábyrgð sölu og skuldalúkningu þeirra afurða og skulda, er voru fyrir hendi, er sala hlutabréfanna fór fram, og var þeim reikningskilum ekki lokið fyrr en á árinu 1943.

Af hálfu gerðarþola er því eindregið mótmælt, að ofangreind atriði valdi því, að félagsslit hafi orðið, og að ekki hafi verið fullnægt lagaákvæðum um hlutafélög við sölu bréfanna, enda hafi félagið starfað æ síðan á sama hátt og áður og ávallt verið sérstakur skattgreiðandi.

Fallast verður á það með gerðarþola, að hér skipti ekki máli, þótt Sildarverksmiðjum ríkisins hafi verið boðin sildarverksmiðjan til kaups, né heldur, þótt samþykkt hafi verið að taka kauptilboði frá Alliance h/f, sem byggt var á tilboði stjórnar Dagverðareyrarfélagsins. Leggja verður til grundvallar í málinu, með hvaða hætti salan fór endanlega fram. Ekki þykir það heldur hafa úrslitabýðingu í málinu, að lögleg stjórn virðist ekki hafa verið í félaginu frá 10. apríl til 15. s. m., en slíkt gat, eins og

ástatt var, verið afsakanlegt, þar sem hlutabréfin öll voru framseld samtímis og kaupendur búsettir í öðrum landshluta. Ekki skiptir heldur máli í þessu sambandi, þótt kaupverð bréfanna hafi verið greitt í einu lagi með óskiptri greiðslu til þeirra, er hluthafar höfðu falið að annast sölu bréfanna.

Hlutabréfin voru framseld á 7 nöfn, eins og fyrr greinir, og hefur að því leyti verið fullnægt ákvæðum 4. gr., 2. mgr., hlutafélagalaganna. Vanræksla hluthafanna um að telja bréfin sér til eignar í skattframtali og andvirði þeirra til skuldar þykir ekki næg sönnun þess, að Djúpvavík h/f hafi raunverulega átt öll bréfin.

Ljóst er þó af því, sem að framan er rakið um tilhögun sölunnar, að hún fer fram með óvenjulegum hætti og ekki eins og venjuleg hlutabréfasala. Hinir nýju eigendur fá aðeins verksmiðjuna sjálfa með því, sem henni til heyrir, sem þó er raunar aðaleign félagsins, er atvinnurekstur þess og framleiðsla byggist á. Hins vegar halda fyrri hlutabréfaeigendur vörubirgðum öllum og annast skuldaskil félagsins vegna atvinnurekstrursins fram að þeim tíma, er salan fór fram. Þeir halda bókum þess og halda áfram færslu þeirra þar til fullnaðaruppgjör fór fram á þessum viðskiptum árið 1943, en nýju eigendurnir byrja nýtt bókhald, er kaupin höfðu verið gerð, á algerlega nýjum grundvelli, eins og nýtt félag hefði verið stofnað. Af hálfu gerðarþola er því haldið fram, að þetta fyrirkomulag samsvari því, að bréfin hafi verið seld án arðmiða næstliðins árs, sem seljendur hafi áskilið sér, og kaupendur hefðu ekki getað gert sér fulla grein fyrir, hvað þeir voru að kaupa, ef sölunni hefði verið hagað á venjulegan hátt. Í þessu liggur að sjálfsögðu skýring á því, hvers vegna sölunni var hagað á þennan hátt. Hins vegar breytir það ekki því meginatriði málsins, að gömlu hluthafarnir gerðu sjálfir upp félag sitt á sína ábyrgð og nýju hluthafarnir byrjuðu nýjan rekstur, að visu í sama formi, en óháðan fyrra rekstri, enda byrjar rekstrursár hins nýja félags samkvæmt skattframtali þess hinn 10. apríl 1941, en salan hafði farið fram daginn áður. Verður því að telja, að raunveruleg félagsslit hafi átt sér stað, er fyrrgreindur sölusamningur var gerður, og ber samkvæmt því að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda, um að lögtak fari fram.

Málskostnaður þykir mega niður falla.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að fara fram.

Málskostnaður falli niður.